

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Natriumklorid B. Braun 9 mg/ml leysir fyrir stungulyf natríumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun
3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Þetta lyf er lausn sem inniheldur natríumklóríð og er ætluð til inndælingar.

Það inniheldur sama styrk natríumklóríðs og styrkur salta er í blóði.

Það er notað sem leysi- eða þynningarvökvi til blöndunar annarra stungulyfja.

2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun

Ekki má nota Natriumklorid B. Braun

- ef blóðið þitt inniheldur of mikið af natríum (blóðnatríumhækkun) eða klóríði (blóðklóríðhækkun).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Natriumklorid B. Braun er notað

- ef þú ert með hjartabilun.
- ef þú ert með alvarlega nýrnabilun.
- ef þú ert með bjúg.
- ef þú ert með uppsafnað natríum í líkamanum.
- ef þú ert með of lítið kalíum í blóðinu.
- ef þú ert með sjúkdóm sem krefst natríumskertrar fæðu, til dæmis hjartabilun, bjúg, vökvauppsöfnun í lungum, háan blóðþrýsting, krampa eða meðvitundarleysi hjá þunguðum konum (meðgöngukrampi), alvarlega skerðingu á nýrnastarfsemi.
- ef þú notar lyf eins og barkstera eða nýrilbarkarkveikju.
- ef þú ert með of mikla sýru í líkamanum (efnaskiptablóðsýringu).

Nauðsynlegt getur verið að fylgjast með saltainnihaldi blóðsins, vökvajafnvægi og sýru-basa jafnvægi líkamans.

Notkun annarra lyfja samhliða Natriumklorid B. Braun

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Við samhliða notkun barkstera eða nýrilbarkarkveikju getur komið fram uppsöfnun natríums og klóríðs í líkamanum.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Natriumklorid B. Braun má nota á meðgöngu og samhliða brjóstgjöf, en þar sem þessi lausn er notuð sem leysir eða þynnir fyrir önnur lyf þarf að taka tillit til eiginleika þess lyfs, og því skal leita ráða hjá lækni fyrir notkun.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun

Læknir eða annað heilbrigðisstarfsfólk annast lyfjagjöfina.

Þetta lyf er notað við blöndun stungulyfja (lyf gefin með sprautu).

Læknirinn mun ákveða hvaða magn skal nota, sem ræðst af því lyfi sem á að leysa upp eða þynna.

Ef notaður er stærri skammtur af Natriumklorid B. Braun en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið samband við lækni eða lyfjafræðing ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.

Ef þú færð of mikið magn af þessu lyfi getur það valdið því að í líkamanum verði of mikið magn af vökva, natríum eða klóríði og að sýruinnihald líkamans verður of hátt.

Ef þetta gerist verður meðferð með Natriumklorid B. Braun hætt samstundis. Til viðbótar færð þú þvagræsandi lyf til að fjarlægja umfram vökva úr líkamanum. Fylgjast þarf með þéttni salta í blóðinu. Læknirinn mun ákveða frekari meðferð þar til þéttni salta, vökvajafnvægið og sýru-basa jafnvægið er orðið eðlilegt að nýju.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hratt innrennsli stórra skammta af natríumklóríði getur leitt til skyndilegs yfirálags á æðakerfið, aukins þvagútskilnaðar, of mikillar sýru í blóðinu og niðurgangs. Of há þéttni natríums og klóríðs getur komið fram í blóði.

Aukin hætta er á yfirálagi á blóðrás við hjarta- og nýrnabilun.

Ef tilbúin lausn til innspýtingar er með háan styrk natríumklóríðs og er gefin utan æðar getur það leitt til ertingar og bólgu í æðavegnum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Skal nota innan sólarhrings eftir að umbúðir hafa verið rofnar. Plastlykjur skal nota strax eftir að þær eru opnaðar.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Aðeins skal nota lyfið ef lausnin er tær, án agna og umbúðirnar óskemmdar.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Natriumklorid B. Braun inniheldur

- Virka innihaldsefnið er natríumklóríð.
1 ml af leysi fyrir stungulyf inniheldur 9 mg af natríumklóríði.
- Annað innihaldsefni er vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Natriumklorid B. Braun og pakkningastærðir

Natriumklorid B. Braun er tær, litlaus lausn af natríumklóríði í vatni.

Pakkningastærðir:

Hettuglös sem innihalda 50 ml eða 100 ml og koma í pakkningum með 20 stk.

Plastlykjur úr pólýetýleni sem innihalda 5 ml, 10 ml eða 20 ml og koma í pakkningum með 20 stk.

Plastlykjur úr pólýprópýleni sem innihalda 10 ml eða 20 ml og koma í pakkningum með 50 eða 100 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

B. Braun Melsungen AG

Carl-Braun-Strasse 1

34212 Melsungen

Þýskaland

Póstfang:

34209 Melsungen

Þýskaland

Framleiðandi

B. Braun Melsungen AG
Carl-Braun-Strasse 1
34212 Melsungen
Þýskaland

- þar sem sjötti og sjöundi tölustafirnir í lotunúmerinu eru 81, 82 eða 83.

eða

B. Braun Medical S.A.
Carreterra de Terrassa 121
08191 Rubi, Barcelona, Spánn

- þar sem sjötti tölustafurinn í lotunúmerinu er 4.

Umboðsaðili á Íslandi

Teva Pharma Iceland ehf.
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2021.